

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	354.00
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	369.00
3. 24 × 450 gr. sérfryst	369.00
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	369.00
5. 4 × 2.5 kg. sérfryst	369.00
6. 2 × 5 kg. sérfryst	369.00
7. 4 × 7 kg. sérfryst	369.00
8. 1 × 25 lbs sérfryst	369.00
9. 15 × 200 gr. sérfryst	375.00
10. í saltlegi	354.00

Verðbil verður 2½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1976.

F. h. r.

Dórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Þorskur (<i>Gadus morhua morhua</i>)	50 cm
Ýsa (<i>Melanogrammus aeglefinus</i>)	45 —
Ufsi (<i>Pollachius virens</i>)	50 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	34 —
Langlúra (<i>Gyptocephalus cynoglossus</i>)	30 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	30 —
Stórkjafta (<i>Lepidorhombus Whiffiagonis</i>)	30 —
Lýsa (<i>Merlangius merlangus merlangus</i>)	40 —
Sandkoli (<i>Limanda limanda</i>)	20 —
Steinbítur (<i>Anarhichas lupus</i>)	40 —
Karfi (<i>Sebastes marinus</i>)	500 gr.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar má 10% af þorsk-, ýsu- og ufsaafla hverrar veiðiferðar vera undir ofangreindum lágmarksstærðum, þó má ekki landa þorski undir 43 cm, ýsu undir 40 cm eða ufsa undir 45 cm. Ennfremur má 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir 500 gr. að þyngd hver fiskur.

2. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

3. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða skal hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa og, að ekki séu heimildarlaust unnar ofangreindar fisktegundir, sem ekki ná lágmarksstærðum þeim, sem fyrir er mælt um í reglugerð þessari.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 2. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs afla.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 1. gr. laga nr. 34 17. maí 1976 um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er með henni felld úr gildi reglugerð nr. 16 20. janúar 1976 um lágmarksstærðir fisktegunda.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

1. júlí 1976.

Nr. 277.

G J A L D S K R Á

fyrir Hitaveitu Laugarássi í Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð í Laugarási, og innheimtir gjald fyrir, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunnar.

Ákvæði þessi eru háð því skilyrði, að notendur hafi samið við stjórnarnefnd Laugaráshéraðs um vatnsréttindin.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis, og annast viðhald hans. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu á heita vatninu við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húsráðendum í té aukahemil, sé þess óskað.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.